

Alþingi  
Erindi nr. P 121/1985  
komudagur 5.5.1997

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
ICELANDIC COAST GUARD



Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík.

Tilvísun vor: LHG/042/9.6/HH/sig

Tilvísun yðar:

Dagsetning: 5. maí 1997

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands,  
493. mál, heildarlög.

Með bréfi sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 8. apríl s.l. var óskað eftir umsögn  
Landhelgisgæslu Íslands við ofangreint lagafrumvarp.

Í samræmi við þá ósk hefur efni frumvarpsins verið yfirfarið og fylgja breytingartil-  
lögur og athugasemdir stofnunarinnar hér með.

Landhelgisgæslan leggur til að viðurlagaákvæði frumvarpsins verði athuguð sérstak-  
lega. Frumvarpið gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á því réttarástandi sem ríkt  
hefur um langt skeið. Hætt er við að slík breyting muni draga úr varnaðaráhrifum  
viðurlaganna frá því sem er samkvæmt gildandi rétti. Lagatæknilega heyrir þetta  
undir sérrefsilöggjöfina og leggur stofnunin til að álits sérfræðinga dómsmálafir-  
valda, þ.m.t. ríkissaksóknara, verði leitað.

*Hafsteinn Hafsteinsson*

Hafsteinn Hafsteinsson  
forstjóri



## Athugasemdir Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgis Íslands.

1. Lagt er til að heiti verðandi löggjafar verði: *...um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands* sem væri í meira samræmi við hugtakanotkun laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Telja verður orðið fiskveiðilandhelgi villandi og til þess fallið að rugla saman við hina eiginlegu 12 sjómílna landhelgi. Orðinu fiskveiðilandhelgi verði því skipt út fyrir orðið fiskveiðilögsaga allsstaðar þar sem fyrrnefnda orðið er notað í frumvarpstextanum.
2. Í 2. mgr. 2. gr. frumv. er lagt til að viðmiðun innri marka fiskveiðilögsögunnar verði stórstraumsfjöruborð.
3. Samræmi verði í tilgreiningu viðmiðunarpunkta í 5. gr. frumvarpsins, þ.e. skrifað verði þannig svo dæmi sé tekið, sbr. 1. tölul 1. mgr. 5. gr.:  $66^{\circ}27,4'N - 022^{\circ}24,3'V$ , (þ.e. mínútubrotsstafur verði afmarkaður með kommu, mínútaferki komi aftan við brotsstaf, einungis verði skrifaður einn brotsstafur (1/10), núllum sleppt, sbr. staðartilgreiningar í stafliðum A. - G. í 8. mgr. 5. gr. frumvarpsins).
4. Lagt er til að staðsetningar lína (svæða) samkv. stafliðum A. - G. í 8. mgr. 5. gr. verði reiknuð út í hnitum (breidd og lengd) þannig að upplýsingarnar verði tækar beint inni tölvutækt form (siglingatölvur) samkv. nútímatækni. Bent skal á að útreikningarnir gætu verið í fylgiskjali. Umræddir útreikningar munu vera tiltækir hjá Sjósmælingum Íslands.
5. Í staflið A.2. í 8. mgr. 5. gr. verði viðmiðunarpunktar 12 sjómílna fjarlægðar frá stórstraumsfjöruborði Grímseyjar tilgreindir.
6. Stafliður A.3. í 8. mgr. 5. gr. orðist svo: Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarpunkti ( $67^{\circ}08,8'N - 018^{\circ}40,6'V$ ) Kolbeinseyjar.
7. Stafliður B.2. í 8. mgr. 5. gr. orðist svo: Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarpunkti ( $67^{\circ}35,8'N - 013^{\circ}16,6'V$ ) Hvalbaks.
8. Orðalag upphafs 10. gr. breytist og hljóði svo: *Auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skal veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu heimilt...o.s. frv.*

9. Orðalag upphafs 12. gr. breytist og hljóði svo: Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi og/eða varðskip á svæðinu geta veiðieftirlitsmaður og/eða skip-herra varðskips óskað eftir því... o.s.frv.
10. 2. málslíður 13. gr. orðist svo: Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti Hafrannsóknarstofnunar, Fiskistofu eða *Landhelgisgæslunnar*.
11. Við 13. gr. bætist ný málsg. sem orðist svo: *Heimilt er að setja sem skilyrði fyrir veiðitilraunum og öðrum vísindalegum rannsóknum í fiskveiðilögsögu Íslands að leyfishafi verði búinn sjálfvirkum fjareftirlitsbúnaði sem geri honum kleift að senda daglegar veiðiskýrslur til eftirlitsaðila og beri leyfishafi kostnaðinn af slíku fjar-  
eftirliti.*
12. Ígrunda þarf sérstaklega hvort efnisákvæði 11. gr. gildandi laga nr. 81/1976 eigi ekki áfram rétt á sér að breyttum breytanda, t.d. nýrri veiðitækni og breyttum skipum (togskip með skutrennu og tromlur fyrir veiðarfæri).
13. Mikil umskipti eru greinilega fyrirhuguð með viðurlagaákvæðum frumvarpsins (16. - 20. gr.) frá því sem gildandi réttur kveður á um. Telja verður þörf á því að leitað sé álits dómsmálayfirvalda á þessum þáttum frumvarpsins ekki síst út frá sakfræðilegu sjónarmiði.
14. Að lokum skulu nokkrar athugasemdir í sambandi við viðurlagakerfi umrædds frumvarps settar hér fram og þá í samamburði við gildandi lög á þessu sviði - jafnframt því sem nokkrum hugmyndum að réttarráðum á þessu sviði er komið á framfæri:
- Frumvarpið gerir ráð fyrir að hætt verði að miða sektarfjárhæðir við gullkrónur. Þessi viðmiðun er gömul í lögum og er ekki vitað til að örðugleikar hafi verið á beitingu hennar í framkvæmd.
  - Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir atvinnuréttindasviptingu við ítrekuð brot svo sem er í 2. mgr. 20. gr. gildandi laga .
  - Viðurlagaheimildum og beitingu þeirra verði skipt upp í mismunandi flokka í samræmi við stærðir skipa og aflvísa, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, og þá þannig að viðurlögin þyngist eftir því sem stærð og afkastageta skips er meiri.
  - Tekið verði til athugunar hvort rétt sé að kveða á um sektarheimildir skip-herra varðskipanna svipuðum þeim sem lögreglustjóri hefur til að beita sektarvaldi. Þetta gæti t.d. átt við þegar játning brots liggur fyrir og skipstjóri veiðiskips vill ljúka máli á miðunum og komast þannig hjá kostnaðarsamri og ótímabærri siglingu til lands þar sem réttað yrði í máli hans. Slíkt úrræði gæti t.d. átt rétt á sér við brot sem snerta möskvastærð, umbúnað veiðarfæra og fleira í þeim dúr. Einnig verði tekið til athugunar hvort setja beri í lög heimild til skipherra varðskipanna að gefa áminningar í tilefni minniháttar brota, en þá jafnframt þannig að áminning hefði ákveðnar lögfylgjur, færðust t.d. í sakaskrá viðkomandi brotlegs einstaklings og hefðu jafnvel ítrekunaráhrif. Benda má á fordæmi slíkra úrræða hjá nágrannaþjóðum, t.d. dönum og bandaríkjamönnum.